Raforkumálaskrifstofan
Vatnamælingar

Skilagrein 83
Vhm 12

# Haukadalur, Dalasýsla.

Reykjavík, 2o. maí 1954

Sigurjón Rist

Skilagrein 83
Vhm 12

## Haukadalur, Dalasýsla

Mælt frá Haukadalsvatni og inn Haukadal 17. maí 1954. Þegar mælingin var gerð voru vatnavextir í Haukadal og vatnsflötur Haukadalsvatns um 4o cm yfir venjulegri vatnshæð. Ósinn við vatnið er örlítið breytilegur. Dýpið þar var nálægt 7o cm, þegar mælingin fór fram.

Við NA-horn vatnsins setti ég fast merki á klöpp, sem blasir við veginum, F.M. . Fasta merkið var 522 cm yfir vatnsborði kl. 2o hinn 17. maí 1954, þá var álestur á vatnshæðarmæli við Strengjabrú 19o.

Hallamælingin inn Haukadal var á þessa leið:

| | Hæð cm | | Vegalengd m | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | 0 | ........ | 0 | Vatnsborð (hæll hjá girðingu s.vegar) |
| 2. | 91 | ........ | 172 | Slétt grund (engi) |
| 3. | 122 | ........ | 388 | Hæll I, hjá öðrum símastaur heim að Litla-Vatnshorni |
| 4. | 2oo | ........ | 6o6 | Þýfður mór |
| 5. | 198 | ........ | 6o6 | og 19o m til suðurs |
| 6. | 237 | ........ | 77o | brúargólf (brú á veginum inn dalinn) |
| 7. | 2o6 | ........ | 8o8 | Hæll II, gróðurlítið holt |
| 8. | 327 | ........ | 994 | Þýfður mór |
| 9. | 389 | ........ | 121o | Hæll III þýfður mór |
| 1o. | 446 | ........ | 13oo | og 12o m til norðurs (vegur í hlíði v.S.-Vatnsh.) |
| 11. | 384 | ........ | 1384 | gróðurlitlar eyrar |
| 12. | 4o9 | ........ | 1524 | Hæll IV lítill hólmi, gengt S.-Vatnsh. |
| 13. | 479 | ........ | 1668 | Eyrar |
| 14. | 522 | ........ | 1814 | Hæll V. eyrar |
| 15. | 477 | ........ | 1825 | V.b. Haukadalsár |

Sunnan árinnar gegnt punkti nr. 13 er grasbakki, nálægt 25 cm hærri, þ.e.a.s. í hæðinni 5oo eða vel það.

Það sem fer í kaf og orðið getur fyrir tjóni við allt að fjögra metra vatnsborðshækkun, er:

1) Vegurinn inn í Haukadal. Vegurinn er norðan vatnsins og svo lágur, að nú, hinn 17. maí, flæddi vatnið víða upp á hann, og á einum stað var hann allur í kafi. Þarna er óupphleyptur vegur. Nýlagður vegur nær að NV-horni vatnsins, þar er hæð hans nálægt 2-3 m yfir vatnsfleti þar sem hann endar. Vegarstæði er slæmt norðan vatnsins. Ég heyrði því fleygt að rétt væri að leggja veg inn í dalinn um Náhlíð frá Kvennabrekku að Jörfa.
2) Engi og beitiland að Stóra-Vatnshorni.
3) Engi og beitiland að Litla-Vatnshorni, auk þess um einn hektari túns og annar hektari lands, sem er í ræktun.

Engin mannvirki færast í kaf. Gestur Sigurjónsson, Stóra-Vatnshorni aðstoðaði mig við mælinguna.

Reykjavík, 20. maí 1954.

S. Rist